***BORGARRÁÐ 20.10.2016: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rammasamninga við Múlalund - R161000295***

Múlalundur, vinnustofa SÍBS, hefur um árabil verið virkur aðili að rammasamningi Reykjavíkurborgar vegna innkaupa á skrifstofuvörum. Vinnustofan hefur þjónað borgarstofnunum vel og vegna þeirra viðskipta hafa skapast umtalsverð verkefni fyrir fólk með skerta starfsorku. Ljóst er að vörur Múlalundar eru almennt vel samkeppnishæfar við aðrar vörur, bæði í gæðum og verði. Nú berast þær fregnir að Múlalundur hafi ekki lengur slíkan rammasamning við borgina, að því er virðist vegna misskilnings við framkvæmd útboðs. Óskað er eftir upplýsingum um þetta mál og tillögu um hvernig hægt er að leiðrétta þennan misskilning og tryggja áframhaldandi farsæl viðskipti samkvæmt rammasamningi milli Múlalundar og Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild

Til skrifstofu borgarstjórnar

Frá innkaupadeild Reykjavíkurborgar

# Umsögn

Vísað er til erindis dags. 21. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn innkaupadeildar um fyrirspurn borgarráðsfulltrúa sjálfstæðisflokksins sem fram koma á fundi borgarráðs 20. október sl.

Fylgiskjöl með umsögn:

- 20160706_Útboðsgögn nr. 13767
- 20160706_Tilboðsskrá 13767
- 20160912_Viðauki 1 við útboðsgögn nr 13767
- 20160920_Erindi fyrir innkauparáð 13767.pdf
- 20160923_Tilkynning um val á tilboði í EES útboði nr13767.pdf
- 20160923_Erindi Múlalundar.pdf
- 20160927_Svar við erindi Múlalundar.pdf
- 20161004_Endanlegt samþykki tilboðs í EES útboði nr 13767
- 20161010_Erindi Múlalundar.pdf
- 20161011_Svar við erindi Múlalundar.pdf
- 20161021_Ósk Skrifstofu borgarstjórnar um umsögn innkaupadeildar

Forsaga málsins er sú að 6. júlí 2016 var auglýst útboð nr. 13767 á evrópska efnahagssvæðinu þar sem leitað var eftir tilboðum í ritföng og skrifstofuvörur. Fyrirspurnarfrestur var veittur til 23. ágúst 2016 en á tímabilinu var áhugasömum aðilum heimilt að óska eftir nánari upplýsingum eða skýringum á útboðsgögnunum. Opnunartími tilboða var þann 6. september 2016.

Framangreint útboð fellur undir lög um opinber innkaup nr. 84/2007.

Í ákvæði 1. mgr. 38. gr. laganna er kveðið á um hvaða upplýsingar útboðsgögn skulu innihalda til að bjóðendum sé unnt að gera tilboð. Í o. lið 38. gr. er kveðið á um að útboðsgögn þurfi að kveða á um hvort frávikstilboð séu heimil eða ekki. Í grein 1.1.7 útboðsgagna kom fram að óheimilt væri að gera frávikstilboð.

Í ákvæði 50. gr. sömu laga er kveðið á um að í útboðsauglýsingu eða útboðsgögnum skuli koma fram hvaða gögn bjóðendur skuli leggja fram með tilboði sínu til að sýna fram á tæknilega getu sína. Í grein 1.2.2 útboðsgagna voru settar fram lágmarkskröfur um hæfi bjóðenda og var m.a. kveðið á um að bjóðandi skuli geta boðið í allar þær vörur sem fram koma í tilboðsskrá (vörukörfu).

Ekki bárust fyrirspurnir á fyrirspurnarfresti varðandi ofangreindar greinar.

Tilboð voru opnuð 6. september 2016 og skiluðu fjögur fyrirtæki inn tilboði. Við yfirferð tilboða kom í ljós að Múlalundur hafði ekki fyllt út í alla liði tilboðsskrár í báðum hlutum og

var því um frávikstilboð að ræða. Einnig var ljóst að Múlalundur uppfyllti ekki hæfiskröfu greinar 1.2.2 en gerð var krafa um að bjóðendur skyldu geta boðið í allar þær vörur sem komu fram í tilboðsskrá viðkomandi hlutar eins og áður hefur komið fram. Tilboð Múlalundar var því ekki í samræmi við skilmála útboðsins og því ógilt.

Þann 20. september 2016 sendi innkaupadeild innkauparáði erindi þar sem lagt var fyrir innkauparáð tillaga um að samið yrði við Rekstrarvörur, Egilsson og Pennan í hluta 1 og 2. Þ.a.l. var lagt til að tilboði Múlalundar yrði hafnað þar sem Múlalundur hefði skilað frávikstilboði og ekki uppfyllt lágmarkskröfur útboðsgagna.

Með bréfi dagsettu 23. september 2016 var bjóðendum tilkynnt niðurstöðu Innkauparáðs Reykjavíkurborgar um val á tilboðum. Tilboði Múlalundar var hafnað og var Múlalundi jafnframt tilkynnt um ástæður þess að tilboðið teldist ógilt. Í rökstuðningnum kom m.a. fram að tilboðið teldist ógilt á grundvelli þess að útfylling tilboðsskrár hafi verið ófullnægjandi og ótæk til samanburðar og kom því tilboð Múlalunds ekki til greina við val á tilboði, sbr. 41. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007.

Sama dag barst erindi frá Múlalundi sem svarað var 27. september sl. með nánari skýringum á ástæðum höfnunar tilboðs Múlalundar.

Þann 10. október sl. barst innkaupadeild aftur erindi frá Múlalundi og var því svarað með bréfi innkaupadeildar 11. október s.l. Á það var bent að innkauparáð hafi tekið ákvörðun um val á samningsaðilum og hafi sú ákvörðun verið í samræmi við lög um opinber innkaup og innkaupareglur Reykjavíkurborgar. Múlalundi var einnig bent á að innkaupadeild hefði ekki umboð til að breyta ákvörðunum innkauparáðs. Múlalundi var að lokum vísað til borgarráðs vegna athugasemda um ákvörðun innkauparáðs í samræmi við 39. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Eins og fram hefur komið uppfyllti Múlalundur ekki ófrávíkjanlegar hæfiskröfur útboðsgagna og hefði ákvörðun um að semja við Múlalund brotið í bága við lög um opinber innkaup nr. 84/2007. Múlalundur lagði enn fremur fram frávikstilboð en frávikstilboð voru óheimil í útboði nr. 13767. Innkauparáði Reykjavíkurborgar bar því skylda til að hafna tilboði Múlalundar vegna framangreindra annmarka í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 84/2007.

Jóhanna Hilmarsd.

F.h. innkaupadeildar Reykjavíkurborgar

Rammasamningur 13767

# Tilboðsskrá. Ritföng, skrifstofuvörur og ljósritunarpappír

**Bjóðendur skila inn útfylltri tilboðsskrá, áritaðri af bjóðanda, dagsettri á opnunardegi tilboða. Í reit F skal setja fjölda í pakkningu. Í reit G skal setja verð án vsk fyrir pakkninguna. Þá reiknast sjálfkrafa út listaverð án vsk pr. stk í reit H. Í reit I skal setja tölustaf fyrir afslátt og við það reiknast sjálfkrafa J reitur og K reitur. Þegar bjóðandi hefur lokið við að fylla út alla verðkörfuna reiknast heildarupphæð í reit K147 og K160 sem bjóðandi færir á tilboðsblaðið.**

Bjóðandi og dagsetning:

Undirskrift bjóðanda:

| Ritföng og skrifstofuvörur, skýringartafla. (ATH verð og afslættir eru eingöngu dæmi og á engan hátt til viðmiðunar) | Magn /stk | Hlutfallstala | Vörunúmer | Vöruheiti | Fjöldi í pakkningu | Verð án vsk. pr. pakkningu | Verð án vsk. pr. Stk | Afsláttur % | Verð án vsk. m. afslætti | Samtals kr |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Minnismiðar gulir ca. 38x52mm 100 blaða búnt | 1 (100 blöð) | 0.86 | 12345678 | Tartan | 12 | 385 kr. | 32 kr. | 10% | 29 | 25 kr. |

| VERÐKARFA. Hluti 1 Ritföng og skrifstofuvörur | Magn /stk | Hlutfallstala | Vörunúmer | Vöruheiti | Fjöldi í pakkningu | Verð án vsk. pr. Pakkningu | Verð án vsk. pr. Stk | Afsláttur % | Verð án vsk. m. afslætti | Samtals kr |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | | | |
| Akstursdagbók A5, tvíriti | 1 | 0.56 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Áherslupenni minnst 4 litir | 1 | 0.94 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Blaðabakki A4 | 1 | 0.56 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Blý 0,5mm HB 20 stk | 1 (20 stk) | 0.31 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Blý 0,7mm HB 20 stk | 1 (20 stk) | 0.04 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Blýantur, sexhyrndur m. strokleðri HB | 1 | 3.43 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Bréfabindi 50 mm | 1 | 0.69 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Bréfabindi 75 mm | 1 | 0.69 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Bréfabindi 80mm | 1 | 0.69 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Bréfaklemmur 26 mm | 1 (1000 stk) | 0.37 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Bréfaklemmur 32mm | 1 (1000 stk) | 0.14 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Dagbók A4, gorma | 1 | 1.69 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Dagbók A5, gorma | 1 | 1.75 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Dagsetningarstimpill | 1 | 0.22 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Fjölnotapappír 80g A4 | 1 | 2.06 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Flettitöflupappír A1 ca: 40 blöð | 1 | 0.74 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Föndurskæri án fjöðurs ca: 15 cm. | 1 | 0.49 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Gatapokar A4 0,6mm opnir að ofan + hlið 100 stk | 1 (100) | 1.25 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Gatapokar A4 0,6mm opnir að ofan 100 stk | 1 (100) | 1.00 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Gatari, gatar amk. 25 bls. Af 80 gr. Pappír, m. stýringu fyrir pappír | 1 | 0.59 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Glærupenni, fínn, svartur | 1 | 0.37 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Glærupenni, miðlungs, svartur | 1 | 0.37 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Glærur A4 fyrir ljósritun | 1 (100) | 1.77 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Gráðubogi 10 cm | | 0.16 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Heftari 26/6, heftigeta 25 bls. að lágmarki | 1 | 0.81 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Heftari nr. 10 | 1 | 0.35 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Heftivír 26/6 1000 stk pakkning | 1 (1000 stk) | 0.27 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Heftivír fyrir heftara nr. 10 1000 stk pakkning | 1 (1000 stk) | 0.11 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Kassarúllur thermal 80mm x 75m | 1 | 1.08 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Kassarúllur thermal 80mm x 80m+ | 1 | 3.12 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Kennaratyggjó ca 50gr | 1 | 6.78 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Kínakladdi (harðspjalda) A4 | 1 | 0.52 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Kínakladdi (harðspjalda) A5 | 1 | 0.43 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Klemmuspjald A4, einfalt | 1 | 0.36 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Klemmuspjald A4, tvöfalt | 1 | 0.80 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Kúlupenni, Bic eða sambærilegur, blár | 1 | 6.13 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Kúlutússpenni 0,5mm blár | 1 | 0.31 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Kúlutússpenni 0,5mm svartur | 1 | 0.31 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Kúlutússpenni 0,7mm blár | 1 | 0.62 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Kúlutússpenni 0,7mm svartur | 1 | 0.62 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| L vasar A4 glærir, 0,10mm 100 stk | 1 (100) | 1.06 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| L vasar A4 litaðir 100 stk | 1 (100) | 0.19 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Lausblaðamappa 20mm A4, 4ra hringja, m. plastvasa að framan og á kili | 1 | 0.19 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Lausblaðamappa 30mm A4, 4ra hringja, m. plastvasa að framan og á kili | 1 | 0.25 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Lausblaðamappa 40mm A4, 4ra hringja, m. plastvasa að framan og á kili | 1 | 0.44 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Leiðréttingarmús, einnota ca. 4,2mm x 600mm | 1 | 0.31 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Límband glært 15mm x 33m | 1 | 0.74 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Límband glært 19mm x 33m | 1 | 0.99 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Límstifti ca. 10gr. | 1 | 2.50 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Límstifti ca. 20gr. | 1 | 3.07 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Límstifti ca. 40gr. | 1 | 0.82 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Merkipenni breiður, svartur | 1 | 0.94 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Merkipenni fínn, svartur | 1 | 0.94 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Merkipenni miðlungs, svartur | 1 | 0.94 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Minnismiðar gulir ca. 38x52mm 100 blaða búnt | 1 (100) | 1.31 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Minnismiðar gulir ca. 52x76mm 100 blaða búnt | 1 (100) | 0.44 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Minnismiðar gulir ca. 76x102mm 100 blaða búnt | 1 (100) | 0.87 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Minnismiðar gulir ca. 76x76mm 100 blaða búnt | 1 (100) | 1.75 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Netpoki A3 með rennilás | 1 | 0.06 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Netpoki A4 með rennilás | 1 | 0.25 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Pakkalímband á rúllu | 1 | 0.52 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Plast í plöstunarvélar A3 2x80mic, glært | 1 | 0.29 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Plast í plöstunarvélar A3 2x125mic, glært | 1 | 0.49 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Plast í plöstunarvélar A4 2x125 mic, glært | 1 | 3.15 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Plast í plöstunarvélar A4 2x75mic, glært | 1 | 0.59 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Plast í plöstunarvélar A4 2x80 mic, glært | 1 | 4.42 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Plast í plöstunarvélar A5 2x125 mic, glært | 1 | 0.69 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Plast í plöstunarvélar A6 2x125 mic, glært | 1 | 0.26 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Plastgormar 6mm, minnst 2 litir | 1 | 0.12 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Plastgormar 8mm, minnst 2 litir | 1 | 0.12 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Plastgormar 10mm, minnst 2 litir | 1 | 0.12 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Plastgormar 12mm, minnst 2 litir | 1 | 0.12 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Plastmappa A4 með glærri forsíðu "Bantex eða sambærilegt" | 1 | 1.55 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Posarúllur thermal 57mmx20m | 1 | 0.40 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Posarúllur thermal 57mmx30m | 1 | 0.34 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Reglustika ca. 10 cm glær | 1 | 0.03 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Reglustika ca. 20 cm glær | 1 | 0.03 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Reglustika ca. 30cm glær | 1 | 0.03 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Reikningsbók A4 vírheft ca. 8mm | 1 | 0.06 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Reikningsbók A5 vírheft ca. 8mm | 1 | 0.06 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Reikningsbók rúðustrikuð A4 m. Gorm, rifgötuð, amk, 80 bls. | 1 | 0.62 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Skilblöð A4 1-10 | 1 | 0.20 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Skilblöð A4 1-12 | 1 | 0.20 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Skilblöð A4 1-15 | 1 | 0.20 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Skilblöð A4 1-20 | 1 | 0.20 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Skilblöð A4 1-31 | 1 | 0.20 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Skilblöð A4 Stafróf | 1 | 0.04 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Skjalapokar pappa A4, með ca. 15mm styrktum botni | 1 | 0.44 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Skjalapokar pappa A4, með ca. 30mm styrktum botni | 1 | 0.44 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Skrifblokk A4, línustrikuð | 1 | 0.09 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Skrifblokk A5, línustrikuð | 1 | 0.09 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Skrúfblýantur 0,5mm | 1 | 0.11 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Skrúfblýantur 0,7mm | 1 | 0.10 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skýrslublokk A4 | 1 | 0.29 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Stílabók (skrifblokk) A4 vírheft ca. 9mm | 1 | 1.12 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Stílabók (skrifblokk) A5 vírheft ca. 9mm | 1 | 0.09 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Stílabók A5 gormur ca. 80 bls. | 1 | 2.62 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Stílabók línustrikuð A4 m. Gorm, rifgötuð, amk, 80 bls. | 1 | 1.22 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Strokleður stabilo/boxy eða sambærilegt, lítið | 1 | 1.04 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Strokleður stabilo/boxy eða sambærilegt, stórt | 1 | 0.09 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Talnagrind 10x10 | 1 | 0.37 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Teikniblýantur Hb | 1 | 0.62 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Teiknipenni 0,2 mm, svartur | 1 | 0.11 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Teiknipenni 0,3 mm, svartur | 1 | 0.11 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Teiknipenni 0,5 mm, svartur | 1 | 0.11 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Teygjumappa úr pappa fyrir A4 | 1 | 1.04 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Teygjumappa úr plasti fyrir A4 | 1 | 0.26 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Teygjur ca. 50mm | 1 | 0.25 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Tímaritabox, minnst 3 litir | 1 | 1.42 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Trélitir, 6 litir í pakka | 1(6) | 1.25 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Trélitir, 12 litir í pakka | 1(12) | 1.12 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Trélitir, 18 litir í pakka | 1(18) | 0.75 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Tússlitir ca. 12 litir í pakka | 1(12) | 0.12 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Tússlitir ca. 24 litir í pakka | 1(24) | 0.12 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Tússlitir ca. 30 litir í pakka | 1(30) | 0.06 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Tússpenni Identi-pen eða sambærilegur, svartur, fínn | 1 | 0.19 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Tússpenni Identi-pen eða sambærilegur, svartur, hárfínn | 1 | 0.19 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Tússpenni svartur 0,4 Artline 200, eða sambærilegt merki | 1 | 0.94 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Tússpenni svartur, 0,6 Artline 210, eða sambærilegt merki | 1 | 0.73 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Töflupúði segulmagnaður | 1 | 0.37 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Töflutúss rúnnaður, oddur ca 2mm, svartur | 1 | 2.50 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Töflutúss skáskorinn, svartur | 1 | 0.87 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Vasareiknir 8 stafir, minni-prósentu- og kvaðratrótahnappar. | 1 | 0.19 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Vaxlitir ca. 6 litir í pakka | 1(6) | 0.12 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Vaxlitir ca. 12 litir í pakka | 1(12) | 0.12 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Vaxlitir ca. 24 litir í pakka | 1(24) | 0.12 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Vinnubókarblöð A4 línustrikuð 100 stk | 1 (100) | 0.51 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Vinnubókarblöð A4 rúðustrikuð 100 stk | 1 (100) | 0.03 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Yddari með skrúfuðu loki | 1 | 0.89 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| Yddari opinn, lítill úr járni | 1 | 0.06 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| | | | | | | | | | **Heildarfjárhæð úr reit K 147 færist á tilboðsblað** | #DIV/0! |

| **VERÐKARFA. Hluti 2** Ljósritunarpappír | Magn /stk | Hlutfallstala | Vörunúmer | Vöruheiti | Fjöldi í pakkningu | Verð án vsk. pr. Pakkningu | Verð án vsk. pr. Stk | Afsláttur % | Verð án vsk. m. afslætti | Samtals kr |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A4 Umhverfisvottaður hefðbundinn ljósritunarpappír 80 gr. | 1(500) | 84 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| A4 Endurunninn umhverfisvænn ljósritunarpappír 80 gr. | 1(500) | 3 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| A3 Umhverfisvottaður hefðbundinn ljósritunarpappír 80gr. | 1(500) | 12 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| A3 Endurunninn umhverfisvænn ljósritunarpappír 80gr. | 1(500) | 1 | | | | | #DIV/0! | | #DIV/0! | #DIV/0! |
| | | 100 | | | | | | | **Heildarfjárhæð úr reit K 160 færist á tilboðsblað** | #DIV/0! |

# ÚTBOÐ nr. 13767

**Rammasamningur**
**um kaup á ritföngum og skrifstofuvörum**

**Verkkaupi:**
Reykjavíkurborg

**Umsjón:**
Innkaupadeild Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.

**Júlí 2016**

# EFNISYFIRLIT


**ÚTBOÐSLÝSING ... 1**

1.1 ÚTBOÐSSKILMÁLAR ... 1

*1.1.1 Almenn lýsing og heimilisfang umsjónaraðila útboðs ... 1*
*1.1.2 Útboðsgögn ... 2*
*1.1.3 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun ... 2*
*1.1.4 Skýringar á útboðsgögnum ... 2*
*1.1.5 Tungumál ... 2*
*1.1.6 Tilboð í hluta ... 2*
*1.1.7 Frávikstilboð ... 2*
*1.1.8 Fylgigögn með tilboði ... 2*
*1.1.9 Gerð og frágangur tilboða ... 3*
*1.1.10 Afhending tilboða ... 3*
*1.1.11 Kröfur um gæðakerfi ... 3*
*1.1.12 Afturköllun tilboða ... 3*
*1.1.13 Opnun tilboða og skilafrestur ... 4*
*1.1.14 Fjárhagsupplýsingar ... 4*

1.2 ALMENNIR SKILMÁLAR ... 5

*1.2.1 Verkefnið ... 5*
*1.2.2 Lágmarkskröfur um hæfi bjóðenda ... 5*
*1.2.3 Mat tilboða ... 6*
*1.2.4 Taka tilboða ... 6*
*1.2.5 Lög og reglugerðir ... 6*
*1.2.6 Verðlagsgrundvöllur ... 6*
*1.2.7 Rafrænn reikningur og rafræn pöntun ... 6*
*1.2.8 UNSPSC vöruflokkun ... 7*
*1.2.9 Greiðslur ... 7*
*1.2.10 Samningur ... 8*
*1.2.11 Samskipti á samningstíma ... 8*
*1.2.12 Févíti ... 8*
*1.2.13 Hreyfingarlisti seljenda til innkaupadeildar ... 8*
*1.2.14 Umsýsluþóknun innkaupadeildar ... 8*
*1.2.15 Afhending og afhendingarskilmálar ... 9*
*1.2.16 Vanefndir og uppsögn ... 9*
*1.2.17 Ábyrgð og tryggingar ... 9*
*1.2.18 Framsal réttinda ... 9*
*1.2.19 Skuldskeyting - undirverktakar ... 10*
*1.2.20 Ágreiningsmál ... 10*
*1.2.21 Örútboð ... 10*

**2. VERKLÝSING ... 11**

2.1 ALMENNT ... 11

*2.1.1 Kröfur um pappír í hluta 2. ... 11*

2.2 TILBOÐSSKRÁ ... 11

**3. TILBOÐSBLAÐ ... 13**

# Útboðslýsing

## 1.1 Útboðsskilmálar

### 1.1.1 Almenn lýsing og heimilisfang umsjónaraðila útboðs

Innkaupadeild Reykjavíkurborgar óskar eftir aðilum til þátttöku í rammasamningi um kaup á ritföngum og skrifstofuvörum. Rammasamningnum er skipt upp í eftirfarandi hluta:

Hluti 1: Hefðbundin ritföng og skrifstofuvörur.

Hluti 2: Umhverfisvottaðan ljósritunarpappír og endurunnin umhverfisvænan ljósritunarpappír.

Ekki er ljóst hvaða magn verður keypt á grundvelli útboðs þessa, þar sem rammasamningar eru gerðir um tiltekna vöru- eða þjónustuflokka í tiltekinn tíma, án þess að magntölur séu þekktar.

Markmið útboðsins er að veita sviðum og starfsstöðum Reykjavíkurborgar föst verð og sem fjölbreyttast úrval á almennum skrifstofuvörum og ritföngum. Leitast er eftir að aðilar geti boðið sem fjölbreyttast vöruúrval svo hægt sé að versla flestar vörur á einum stað.

Innkaupadeild Reykjavíkurborgar áskilur sér rétt til að heimila kaup á vörum sem falla undir þennan samning fyrir allt að 10% af heildarverðmæti samnings af öðrum en rammasamningsaðilum.

Samningurinn gildir í tvö ár með heimild til framlengingar um allt að eitt ár tvisvar sinnum, ef báðir samningsaðilar samþykkja, þannig að hámarks samningstími getur orðið allt að fjögur ár.

Nánari upplýsingar er að finna í kafla 2.

Heimilisfang umsjónaraðila útboðs:

| | |
|---|---|
| **Innkaupadeild Reykjavíkurborgar** | Sími: 411 1042 / 1043 |
| **Borgartún 12-14** | Netfang: utbod@reykjavik.is |
| **105 Reykjavík** | Vefsíða: www.reykjavik.is/utbod |
| **Ísland** | Útboðsvefur: http://utbod.reykjavik.is |

**Útboðsyfirlit:**

- EES útboð Já.
- Tegund útboðs Opið.
- Fyrirspurnarfrestur útrunninn 23. ágúst 2016
- Svarfrestur útrunninn 26. ágúst 2016
- Opnunartími tilboða **6. september kl: 14:00**
- Opnunarstaður tilboða er: Höfðatorg, Borgartúni 12-14, 105, Reykjavík
- Tilboð skulu gilda í 8 vikur eftir opnun þeirra.

### 1.1.2 Útboðsgögn

- Útboðslýsing nr: 13767
- Tilboðsblað/blöð
- Tilboðsskrá
- Form fyrir heildarverðlista bjóðanda, excel skjal
- Form fyrir hreyfingarlisti bjóðanda, excel skjal
- Viðaukar sem sendir eru út á tilboðstíma af innkaupadeild þegar við á

- **Fylgiskjöl:**
  - UNSPSC Codeset með skilgreiningum á flokkum (stafrænt PDF skjal)

### 1.1.3 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun

Á ekki við.

### 1.1.4 Skýringar á útboðsgögnum

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða hann verður var við ósamræmi í þeim, sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæðina, skal hann þá senda innkaupadeild skriflega fyrirspurn með **hæfilegum** fyrirvara miðað við eðli fyrirspurnar eða í síðasta lagi fyrir tilgreindan fyrirspurnarfrest.

Fyrirspurnin skal merkt númeri útboðsins og send í gegnum útboðsvef innkaupadeildar http://utbod.reykjavik.is

Viðbótarupplýsingar og viðaukar við útboðsgögn verða birtar bjóðendum á útboðsvef innkaupadeildar.

### 1.1.5 Tungumál

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku.

### 1.1.6 Tilboð í hluta

Heimilt er að bjóða í einstaka hluta.

### 1.1.7 Frávikstilboð

Ekki er heimilt að gera frávikstilboð.

### 1.1.8 Fylgigögn með tilboði

Eftirfarandi gögn skulu fylgja með tilboði.

- ☐ Almennar upplýsingar um fyrirtæki bjóðanda og starfsemi þess þmt. nafn, heimilisfang og kennitölu.
- ☐ Staðfesting frá viðkomandi yfirvaldi á að bjóðandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld, sbr. kafla. 1.1.14
- ☐ Staðfesting frá viðkomandi lífeyrissjóðum á að bjóðandi sé í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld, sbr. kafla 1.1.14
- ☐ Upplýsingar sem staðfesta að bjóðandi uppfylli kröfur um hæfi bjóðanda, sbr. kafla. 1.2.2
- ☐ Umhverfisvottanir vegna pappírs, sjá reit A 156, A 157, A 158 og A 159 í tilboðsskrá.
- ☐ Heildarverðlistar, sbr. kafli 1.1.9.
- ☐ Útfyllt og undirrituð tilboðsskrá sbr. kafla. 1.1.9 og 2.2.

- ☐ Útfyllt og undirritað tilboðsblað, sbr. kafla 1.1.9 og 3.

Innkaupadeild áskilur sér rétt til að kalla eftir öðrum upplýsingum sem varða verkefnið.

**Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki kann tilboðum þeirra verið vísað frá.**

Bjóðendum sem á undanförnum 12 mánuðum hafa skilað til Innkaupadeildar almennum upplýsingum er heimilt að vísa til þeirra, enda séu þær enn í fullu gildi.

### 1.1.9 Gerð og frágangur tilboða

Tilboð skulu sett fram samkvæmt meðfylgjandi tilboðsblaði.

**Heildarverðlistar:** Bjóðendur skila inn undirrituðum heildarverðlistum þar sem kemur m.a fram verð án vsk. annarsvegar og verð án vsk. með afslætti hinsvegar. Einnig skal taka fram hver afslátturinn er í % fyrir hverja vöru um sig.

**Tilboðsskrá:** Bjóðendur skila inn útfylltri verðkörfu, þar sem fram kemur m.a verð án vsk. annarsvegar og verð án vsk. með afslætti hinsvegar. Einnig skal taka fram hver afslátturinn er í % fyrir hverja vöru fyrir sig. Verðkarfan skal vera ***undirrituð*** og dagsett af bjóðendum.

**Tilboðsblað:** Bjóðendur skila inn með fylgigögnum útfylltu tilboðsblaði, dagsettu á opnunardegi og ***undirrituðu*** af bjóðanda.

**Tilboðum skal skila á útboðsvef Reykjavíkurborgar:**

**http://utbod.reykjavik.is**

Kaupandi mun hafna þeim tilboðum, sem ekki eru sett fram samkvæmt tilboðsblaði sbr. Kafla 3.

Ef reiknivillur eða ósamræmi er í tilboði, ræður það einingarverð sem fram kemur á tilboðsskrá og skal tilboð leiðrétt með tilliti til þess.

### 1.1.10 Afhending tilboða

Tilboði ásamt umbeðnum gögnum skal skila með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar: https://eu.eu-supply.com/login.asp?B=RVK

Ekki er hægt að skila inn tilboðum eftir að uppgefinn tilboðsfrestur er útrunninn.

### 1.1.11 Kröfur um gæðakerfi

Á ekki við.

### 1.1.12 Afturköllun tilboða

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt áður en tilboð eru opnuð, enda sé það gert skriflega eða með öðrum jafntryggum hætti.

### 1.1.13 Opnun tilboða og skilafrestur

Opnun tilboða fer fram með rafrænum hætti á útboðsvef innkaupadeildar Reykjavíkurborgar. Tilboð verða opnuð eftir að tilgreindur tilboðsfrestur rennur út í viðurvist þeirra sem þess óska. Opnunarfundargerð verður birt á vef innkaupadeildar eftir að tilboð hafa verið opnuð.

Við opnun tilboða verða lesin upp nöfn bjóðenda og vegið meðalverð úr verðkörfu fyrir hluta 1 og hluta 2.

### 1.1.14 Fjárhagsupplýsingar

Bjóðendur skulu skila með tilboðum eftirfarandi upplýsingum:

- Staðfestingu frá viðkomandi yfirvöldum á að bjóðandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.
- Staðfestingu frá lífeyrissjóði/lífeyrissjóðum um að bjóðandi sé ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.

Staðfesting er sýnir fram á að bjóðandi sé ekki í vanskilum skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnunardag tilboða, að þeim degi meðtöldum. Geti bjóðandi ekki sýnt fram á skil á gjöldum sbr. framangreint er óheimilt að gera við hann samning.

Sé kaupanda kunnugt um að bjóðandi hafi verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningaþvætti eða þátttöku í skipulögðum brotasamtökum er óheimilt að gera við hann samning. Mat á framangreindu miðast við opnunardag tilboða.

**Heimilt er að útiloka fyrirtæki frá samningum ef eitthvað af eftirfarandi á við:**

1. Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
2. Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
3. Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
4. Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
5. Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Við mat á því hvort skilyrði 1. til 5. töluliðar eigi við um fyrirtæki skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

# 1.2 Almennir skilmálar

## 1.2.1 Verkefnið

Um er að ræða rammasamning, sbr. 34 gr. laga nr. 84/2007, um kaup á ritföngum og skrifstofuvörum. Boðnar vörur skulu uppfylla þau skilyrði að þær flokkist í þar til greindan UNSPSC flokk. Skilgreiningar og tæmandi lista yfir undirflokka UNSPSC má nálgast gjaldfrjálst á www.unspsc.org í pdf skjali og í fylgigögnum.

Óskað er eftir tilboði í eftirfarandi hluta:

**Hluti 1: Hefðbundin ritföng og skrifstofuvörur, sbr. eftirfarandi UNSPSC flokkar:**

a) 14111514 Paper pads or notebooks

b) 14111531 Log books or pads

c) 31201610 Glues

d) 41111604 Rulers

e) 44101800 Calculating machines and accessories (reiknivélar o.fl.) að undanskildum 44101804 Cash registers.

f) 44102000 Laminating supplies (Plöstunarfilmur o.fl.)

g) 44111500 Organizers and accessories (blaðabakkar/box, pennabox o.fl.)

h) 44121600 Desk supplies (gatarar, heftarar ofl.) að undanskildum 44121604 Stamps

i) 44121700 Writing instruments (blýantar, pennar o.fl.)

j) 44121800 Correction media (strokleður o.fl.)

k) 44121900 Ink and lead refills (blek- og blýáfyllingar o.fl.)

l) 44122000 Folders and binders and indexes (Möppur, skilblöð o.fl.)

m) 44122100 Fastening supplies (teygjur, bréfaklemmur o.fl.)

**Hluti 2: Umhverfisvottaðan ljósritunarpappír og endurunnin umhverfisvænan ljósritunarpappír, sbr. eftirfarandi UNSPSC flokkar:**

a) 14111507 Printer or copier paper

## 1.2.2 Lágmarkskröfur um hæfi bjóðenda

Þess er krafist að bjóðendur uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- Bjóðandi skal hafa að lágmarki eins árs reynslu af sölu og þjónustu af vöruflokkum í útboði þessu. Miða skal við opnunardag tilboða.
- Bjóðandi skal geta boðið í allar þær vörur sem fram koma í verðkörfu fyrir hluta 1. annarsvegar og hluta 2. hinsvegar.

### 1.2.3 Mat tilboða

Eftirfarandi atriði verða notuð við mat á tilboðum:

**Hluti 1.**

Verð í verðkörfu 100%

**Hluti 2.**

Verð í verðkörfu 100%

### 1.2.4 Taka tilboða

Kaupandi mun taka lægstu tilboðum og verður samið við að hámarki 5 aðila í hvorum hluta. Innkaupadeild Reykjavíkurborgar áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum.

### 1.2.5 Lög og reglugerðir

Væntanlegir samningsaðilar skulu lúta í einu og öllu ákvæðum íslenskra laga og reglugerða.

### 1.2.6 Verðlagsgrundvöllur

Verð er heimilt að endurskoða á 6 mánaða fresti að ósk kaupanda eða seljanda og skal bjóðandi annað hvort tengja tilboð sitt við vísitölu neysluverðs eða við tollgengi erlends gjaldmiðils sem hefur skráð gengi hjá Seðlabanka Íslands. Bjóðandi skal taka fram á tilboðsblaði hvort tilboð miðist við gengi og þá hvaða gengi, eða vísitölu neysluverðs. Grunnur að vísitölu neysluverðs eða tollgengi miðast við opnunardag tilboða. Sé engin tenging tilgreind er boðið verð fast út samningstímann.

Seljanda er heimilt að lækka verðlista sína án fyrirvara. Ekki er þörf á að tilkynna um verðlækkanir.

Seljandi skal tilkynna innkaupadeild um allar verðhækkanir með a.m.k 1 viku fyrirvara. Berist innkaupadeild ekki slík tilkynning með sannanlegum hætti er um óheimila verðhækkun að ræða.
Þó Reykjavíkurborg greiði reikninga samkvæmt nýrri óheimilli gjaldskrá felst ekki í því viðurkenning á hinni nýju gjaldskrá. Komi slíkt í ljós áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til skuldajöfnunar á grundvelli eldri gjaldskrár.

Efni seljandi til sértilboða, útsölu eða samsvarandi verðlækkana á samningstímanum og/eða seljandi lækkar verðskrá sína til viðskiptavina sinna skal þess gætt að aðilar að rammasamningi njóti ætið hagstæðasta verðs sem í boði er.

### 1.2.7 Rafrænn reikningur og rafræn pöntun

Frá og með 1.janúar 2015 skulu allir reikningar til Reykjavíkurborgar vera á rafrænu formi.

Upplýsingar er varða rafræna reikninga má nálgast á vef Reykjavíkurborgar: http://reykjavik.is/sjalfvirkir-rafraenir-reikningar.

Ef nánari upplýsinga er óskað vegna rafrænna reikninga má hafa samband við Agresso sérfræðinga Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar í síma 4 11 11 11 eða senda fyrirspurn á neftfangið rafraenir.reikningar@reykjavik.is.

Allir reikningar vegna kaupa á vöru eða þjónustu skulu vera gefnir út samkvæmt tækniforskrift Staðlaráðs: tækniforskrift TS-136 og tækniforskrift TS-137 fyrir

kreditreikninga (eða útgáfur sem hafa tekið við af þeim). Bent er að á eldri tækniforskriftir NES eru fallnar úr gildi.

Einnig:
- Ekki skal senda reikning á pappír samhliða rafrænum reikningi
- Ekki er tekið við reikningum á PDF formi
- Rafrænir reikningar skulu sendir samdægurs.

Til viðbótar við þær kröfur sem koma fram í tækniforskrift TS-136 skulu upplýsingar um uppruna viðskipta ávallt koma fram á reikningi. Því skal a.m.k. eitt eftirfarandi atriða vera til staðar á reikningi:
- Númer pöntunar eða beiðni (ef uppgefið af kaupanda)
- Verknúmer og verkþáttur (ef uppgefið af kaupanda)
- Númer samnings (sem verð og önnur kjör eru byggð á)

Einnig skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á reikning:
- Í öllum vörulínum reiknings skal vera UNSPSC númer sem tilgreinir þann flokk (family) sem viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir, sjá kafla. 1.2.8
- Í öllum vörulínum skal koma fram listaverð með vsk, afsláttarprósenta og afsláttarverð með vsk.
- Nafn þess sem pantar og/eða deild
- GLN kennitala (Kostnaðarstaður hjá Reykjavíkurborg)

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að hafna reikningum sem uppfylla ekki framangreind skilyrði.

Allur kostnaður birgja sem fellur til vegna útgáfu og sendingar á rafrænum reikningi, skal greiðast af viðkomandi birgja.

### 1.2.8 UNSPSC vöruflokkun

UNSCPSC (United Nations Standard Product and Services Code®) er alþjóðlegt flokkunarkerfi fyrir vörur og þjónustu. UNSPSC flokkunin hentar fyrir allar gerðir framleiðsluvara og þjónustu í öllum greinum atvinnulífs. UNSPSC staðallinn er opinn staðall og er aðgengilegur aðilum án kostnaðar.

Uppbygging UNSPSC vöruflokkunarstaðals sameinuðu þjóðanna:

- Vöruhópur (Segment): **10**000000
- Flokkur (Family): 10**10**0000
- Tegund (Class): 1010**15**00
- Vara (Commodity): 101015**01**

Reykjavíkurborg gerir kröfu til rammasamningsaðila um að í öllum línum rafræns reiknings komi fram UNSPSC númer sem tilgreinir þann flokk (family) sem viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir.
Tekið skal fram að Reykjavíkurborg gerir ekki kröfu um ítarlegri upplýsingar en UNSPC flokk (family) við framkvæmd samnings, hvort sem um ræðir rafrænan reikning eða hreyfingarlista seljenda til innkaupadeildar.

### 1.2.9 Greiðslur

Reykjavíkurborg áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við komudagsetningu reiknings nema að um annað hafi sérstaklega verið samið. Ef reikningur er ekki sendur á réttan stað eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Reikninga skal senda á Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík. Eingöngu er tekið við númeruðum reikningum í frumriti og telst reikningur gildur ef hann er stílaður á Reykjavíkurborg með réttri kennitölu og upplýsingum um þá vöru eða þjónustu sem hefur verið veitt, hvaða aðili hefur pantað, á hvaða kostnaðarstað ásamt frumriti innkaupabeiðnar. Vegna reikninga á Framkvæmda- og eignasvið verður ennfremur að tilgreina verkbeiðnanúmer. Fylgja þarf staðfesting þess (móttökukvittun á reikning með nafni og kennitölu) sem tekur við vöru eða þjónustu fyrir hönd borgarinnar.
Sé greitt með Innkaupakorti Reykjavíkurborgar skal afhenda kaupanda vöru eða þjónustu frumrit reiknings enda um staðgreiðslu að ræða.
Birgjar sem vilja grennslast fyrir um stöðu reikninga sinna hjá Reykjavíkurborg snúi sér til Fjármálaskrifstofu í síma 4111111 eða tölvupóstfang: bokhald@reykjavik.is.

### 1.2.10 Samningur

Tilboð fyrir hluta 1 og hluta 2. verður samþykkt skriflega innan gildistíma þess og telst þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

### 1.2.11 Samskipti á samningstíma

Þegar kominn er á samningur mun innkaupadeild annast samskipti við seljanda á samningstímanum.

Kaupanda er heimilt að óska eftir minniháttar breytingum á verkefninu og skulu aðilar semja sérstaklega um breytingar og greiðslur vegna þeirra áður en þær koma til framkvæmda. Allar óskir um breytingar, framhaldskaup eða niðurfellingu á kaupum, skulu aðilar tilkynna skriflega með hæfilegum fyrirvara í samræmi við eðli verkefnisins. Á sama hátt er seljanda heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi kaupanda.

Samningur um breytingar, ný verkefni eða niðurfellingu verkefna skal vera skriflegur og undirritaður af samningsaðilum.

### 1.2.12 Févíti

Á ekki við.

### 1.2.13 Hreyfingarlisti seljenda til innkaupadeildar

Seljandi vörunnar skal halda nákvæma skrá yfir alla þá vöru sem hann selur til Reykjavíkurborgar, án tillits til hvaða stofnun/svið pantar eða greiðir vöruna.

Ársfjórðungslega, í fyrsta sinn þremur mánuðum eftir tilkynningu um niðurstöðu útboðs og út samningstímann skal seljandi senda til innkaupadeild hreyfingarlista fyrir öll innkaup hjá Reykjavíkurborg á excel skjali þar sem fram koma upplýsingar um kaupanda (pöntunarstaður), kt kaupanda, vörunúmer, vöruheiti, magn, eining, verð án vsk. afsláttur og verð án vsk með afslætti auk UNSPSC númers.

Jafnframt er seljanda skylt að veita innkaupadeild allar upplýsingar og skýringar sem kann að verða óskað eftir. Framangreint gildir allan samningstímann, einnig ef gildistími samnings verður framlengdur.Vakin er athygli á að það er riftunarástæða ef bjóðandi sinnir ekki skyldu sinni um skýrslugerð til innkaupadeildar á réttum tímum eða verður uppvís að undanbrögðum í þeim efnum.

### 1.2.14 Umsýsluþóknun innkaupadeildar

Innifalið í tilboðsverði bjóðenda skal vera **1,5%** umsýsluþóknun innkaupadeildar Reykjavíkurborgar, vegna samnings þessa. Seljendur, sem gerðir eru

rammasamningar við, skulu standa Innkaupadeild skil á þessari umsýsluþóknun í samræmi við veltu samnings.
Innkaupadeild áskilur sér rétt til að staðreyna upplýsingar sbr. gr. 1.2.13 með ósk um yfirlýsingu löggilts endurskoðanda viðkomandi seljanda um að uppgefnar upplýsingar séu réttar.

### 1.2.15 Afhending og afhendingarskilmálar

Kaupendur munu panta beint frá seljanda nema sérstaklega sé um annað samið.

Almennt skal seljandi afhenda vöruna eigi síðar en næsta virka dag eftir að pöntun hefur verið gerð.

Seljanda er óheimilt að afgreiða til kaupenda vörur á öðrum vörunúmerum en samið hefur verið um. Afhending hefur átt sér stað þegar varan hefur verið afhent hjá kaupanda og kvittað fyrir henni.

Verði fyrirsjáanlega seinkun á afhendingu skal seljandi strax tilkynna kaupanda um væntanlegan komutíma vörunnar og ástæður fyrir seinkuninni.

- Bjóðandi skal afhenda vörur eigi síðar en daginn eftir að pöntun berst.
- Bjóðanda er ekki heimilt að rukka sérstaklega fyrir ef brjóta þarf upp einingar.
- Boðin vara sé lager-eða söluvara bjóðanda að staðaldri í allt að 6 síðastliðna mánuði.
- **Sendingarkostnaður skal vera innifalinn í verði bjóðanda fyrir pantanir sem eru hærri en 10.000 kr með vsk.**
- Seljanda er heimilt að rukka sendingarkostnað að upphæð kr. 1.000 með vsk fyrir hverja afgreidda pöntun sem er undir kr. 10.000 með vsk. **Seljandi skal, undantekningarlaust, tilkynna kaupanda Reykjavíkurborgar um sendingarkostnað áður en vörur eru afhentar. Geri seljandi það ekki er kaupanda heimilt að hafna sendingarkostnaði.**
- Eigi bjóðandi ekki til þá vöru sem boðin er til sölu í útboði þessu skal hann útvega sambærilega vöru á sama verði.

### 1.2.16 Vanefndir og uppsögn

Bjóðandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðs- og samningsgagna. Vanefni hann þær, er kaupanda heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda bjóðanda er bjóðandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum laga.

Leiti bjóðandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé óskað gjaldþrotaskipta á búi hans eða ef gert er árangurslaust fjárnám hjá honum hvenær sem er á samningstímanum getur kaupandi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða verulegar vanefndir af hálfu bjóðanda að ræða getur kaupandi sagt upp samningi án fyrirvara.

### 1.2.17 Ábyrgð og tryggingar

Á ekki við.

### 1.2.18 Framsal réttinda

Bjóðanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt útboði þessu nema með samþykki kaupanda.

### 1.2.19 Skuldskeyting - undirverktakar

Bjóðanda er óheimilt, án samþykkis kaupanda, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Feli bjóðandi undirverktaka að taka að sér einstaka þætti skal tilkynna það kaupanda og breytast í engu skyldur bjóðanda gagnvart kaupanda.

### 1.2.20 Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur út af verkefni því, sem þessi lýsing fjallar um, skal honum vísað til héraðsdóms Reykjavíkur.

### 1.2.21 Örútboð

Reykjavíkurborg mun í þessum samningi nýta sér rétt í lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup til að framkvæma örútboð vegna magninnkaupa og verður þá almennt einungis samið við einn aðila um viðskipti í slíkum örútboðum eftir nánari skilgreiningu í örútboðsgögnum.

Kaupandi áskilur sér rétt til að leggja fram nánar skilgreint matslíkan í örútboðsgögnum eftir eðli innkaupa. Slíkt matslíkan getur meðal annars byggt á eftir farandi matsviðmiðum:

Verð, líftímakostnaður, vistferilskostnaður, gæði, umhverfisþættir, ábyrgð, útfærsla vöru/þjónustu og öðrum viðeigandi matsviðmiðum.

Kaupandi áætlar að á samningstímabilinu munu einstakar stofnanir Reykjavíkurborgar skilgreina kaupþörf sína fyrir tiltekið tímabil og bjóða þá kaupþörf út með örútboði innan rammasamnings með það fyrir augum að draga úr umsýslukostnaði. Áætlað er að kaupandi muni í þeim tilvikum semja við einn aðila um tiltekna vörukörfu og sjá seljanda fyrir aðstöðu vegna birgðahalds viðkomandi stofnunar (rekstarvöruskápur). Áætlað er að seljandi og viðkomandi stofnun komist að samkomulagi um tíðni áfyllinga í kjölfar slíkra örútboða.

# 2. Verklýsing

## 2.1 Almennt

Reykjavíkurborg óskar eftir föstum verðum úr heildarverðlista bjóðanda í hefðbundin ritföng og skrifstofuvörur (hluti 1) og umhverfisvænan ljósritunarpappír (hluti 2).

Ekki er ljóst hvaða magn verður keypt á grundvelli útboðs þessa, þar sem rammasamningar eru gerðir um tiltekna vöru- eða þjónustuflokka í tiltekinn tíma, án þess að magntölur séu þekktar.

Markmið útboðsins er að veita sviðum og starfsstöðum Reykjavíkurborgar föst verð og sem fjölbreyttast úrval á almennum skrifstofuvörum og ritföngum. Leitast er eftir að aðilar geti boðið sem fjölbreyttast vöruúrval svo hægt sé að versla allar vörur á einum stað.

### 2.1.1 Kröfur um pappír í hluta 2.

- Pappírsstærð skal vera skv. alþjóðlegum staðli fyrir pappírsstærðir, ISO 216:2007 „Writing paper and certain classes of printed matter -- Trimmed sizes -- A and B series, and indication of machine direction“.
- Pappír sá sem óskað er eftir í tilboðsskrá skal uppfylla alþjóðlega staðalinn ISO 9706:1994 „Information and documentation -- Paper for documents -- Requirements for permanence“
- Þyngd A4 Ljósritunarpappírs sé 80 G/m².
- Þyngd A3 Ljósritunarpappírs sé 80 G/m².
- Pappírinn skal vera rykfrír, afrafmagnaður og rétt skorinn þannig að hann flækist ekki í tækjum.
- Seljandi skal hafa lageraðstöðu fyrir pappírinn sem hentar vel og rýrir ekki gæði pappírsins á neinn hátt.
- Pappír skal merktur umhverfismerki, norræna umhverfismerkinu Svaninum, umhverfismerki Evrópubandalagsins Blóminu eða sambærilegu merki. Tilboðum skulu fylgja vottorð til staðfestingar á umhverfismerki. Fyrir pappír sem merktur er öðru umhverfismerki en Svaninum eða Blóminu sem talið er sambærilegt þeim merkjum skulu fylgja gögn því til staðfestingar.
- Endurunninn pappír skal innihalda 100% endurunnar pappírstrefjar. Tilboðum skulu fylgja vottorð því til staðfestingar.
- Með boðinni tegund skal bjóðandi senda inn svokallað "data sheet" vörunnar, þar sem fram koma allir eiginleikar hennar, m.a. nákvæm innihaldslýsing þar sem hægt er að sjá hvort gæði boðins pappírs séu í samræmi við framangreindar kröfur.
- Ljósritunarpappír skal framleiddur með það í huga að hægt sé að ljósrita á hann beggja vegna.

## 2.2 Tilboðsskrá

Meðfylgjandi útboðsgögnum er excel skjal sem inniheldur tilboðsskrá yfir þá kostnaðarliði sem verða metnir til samanburðar milli bjóðenda. Bjóðendur skila inn útfylltri tilboðsskrá, áritaðri af bjóðanda. Færa skal vegið meðalverð úr reit K147 og K160. í tilboðsskrá á tilboðsblaðið.
Í reit F skal setja fjölda í pakkningu. Í reit G skal setja verð án vsk fyrir pakkninguna. Þá reiknast sjálfkrafa út listaverð án vsk pr. stk í reit H. Í reit I skal setja tölustaf fyrir afslátt og við það reiknast sjálfkrafa J reitur og K reitur.

**Ath: Bjóðendur eiga ekki að breyta tilboðsskránni með neinum hætti s.s að bæta inn línum eða eiga við texta og tölur. Einungis skal fylla inn verðupplýsingar og aðrar þær upplýsingar sem óskað er eftir sbr. framangreindum texta.**

Reykjavíkurborg

# 3. Tilboðsblað

Undirritaður hefur kynnt sér rækilega útboðslýsingu nr. 13767 og býður föst verð af vörum úr tilboðsskrá ásamt föstum afslætti af grunn/heildarverðlista sínum fyrir boðnar vörur skv. eftirfarandi:

Boðinn afsláttur af heildarverðlista fyrir ritföng og skrifstofuvörur .______________%

Hluti 1: Vegið meðalverð úr tilboðsskrá, reitur K147:_________________kr.

Hluti 2: Vegið meðalverð úr tilboðsskrá, reitur K160:_________________kr.

Tilboð bjóðanda miðast við gengi erlends gjaldmiðils sem er:___________

Tilboð bjóðanda miðast ekki við gengi erlends gjalmiðils heldur við vísitölu neysluverðs: ☐

**Upplýsingar um bjóðanda og undirskrift:**

| | |
|---|---|
| **Nafn bjóðanda** | |
| **Kennitala** | |
| **Heimilisfang** | |
| **Sími** | |
| **Fax** | |
| **Tölvupóstfang / netfang** | |
| **Tengiliður varðandi tilboð** | |
| **Staður og dagsetning tilboðs** | |
| ***Undirskrift bjóðanda*** | |

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild

Reykjavik, 12. ágúst 2016
R16070034

Til handhafa gagna nr. **13767 – „Rammasamningur um kaup á ritföngum og skrifstofuvörum”**.

**Málefni: Viðauki 1 við framangreind gögn.**

Eftirfarandi fyrirspurnir hafa borist innkaupadeild og er svör við þeim að finna hér fyrir neðan.

**Fyrirspurn 1:**

Vegna kröfu um að sýna UNSPSC í vörulínu reiknings:
Er þessi krafa ófrávíkjanleg eða verður bjóðendum/birgjum gefinn kostur á aðlögunartíma til að geta breytt sölu- og bókhaldskerfum sínum í samræmi við kröfuna?

**Svar 1:**

Reykjavíkurborg hefur ekki enn hafið móttöku á UNSPSC númeri í vörulínum rafrænna reikninga en bjóðendur skulu gera ráð fyrir því, í tilboðum sínum, að slíkt fyrirkomulag verði innleitt á samningstímabilinu. Innkaupadeild mun upplýsa um innleiðingu slíks fyrirkomulags með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara.

**Fyrirspurn 2:**

Krafist er að í vörulínum reiknings komi fram listaverð með vsk, afsláttarprósenta og afsláttarverð með vsk.
Reikningar fyrirspyrjanda sýna í vörulínu: númer þess rammasamnings sem varan fellur undir og samningsverð án vsk. Heildarvirðisaukaskattur er síðan sýndur í lokasamtölu fyrir neðan síðustu sölulínu. Má fyrirtæki fyrirspyrjanda halda þessari uppsetningu á reikningum sínum, eða þarf að gera breytingar til að uppfylla þessa kröfu?
Ef krafan stendur óhögguð verður fyrirtæki fyrirspyrjanda þá gefinn kostur á aðlögunartíma til að geta breytt sölu- og bókhaldskerfum sínum í samræmi við kröfuna?

**Svar 2:**

Framsetning fyrirspyrjanda á reikningum er fullnægjandi og ekki er þörf á breytingum til að uppfylla skilmála útboðsgagna.

**Vinsamlega athugið að viðauki þessi er hluti framangreindra viðbótargagna.**

Virðingarfyllst,
Grétar Þór Jóhannsson

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild

Reykjavík, 20. sept 2016
R16070034

Innkauparáð Reykjavíkurborgar
v.t.Innkauparáð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

***Rammasamningur um kaup á ritföngum og skrifstofuvörum.***

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 6. sept sl. og skiluðu alls 4 fyrirtæki inn tilboðum. Yfirferð tilboða var unnin af innkaupadeild.

Bjóðendur skiluðu inn með tilboðum sínum útfylltri verðkörfu sem innihélt helstu ritföng og skrifstofuvörur sem keyptar eru af Reykjavíkurborg. Tilboð voru metin á verðum.

| Tilboð | Nafn bjóðanda | Hluti | Vegið meðalverð | Hluti 1 samanburður | Hluti 2 samanburður |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Egilsson ehf | 1 - Ritföng og skrifstofuvörur | 26.273 kr. | 0,00% | |
| | Egilsson ehf | 2 - Pappír | 46.495 kr. | | 0,00% |
| 2 | Múlalundur vinnustofa SÍBS | 1 - Ritföng og skrifstofuvörur | Fråvikstilboð | | |
| | Múlalundur vinnustofa SÍBS | 2 - Pappír | Frávikstilboð | | |
| 3 | Penninn ehf | 1 - Ritföng og skrifstofuvörur | 44.123 kr. | 40,46% | |
| | Penninn ehf | 2 - Pappír | 55.801 kr. | | 16,68% |
| 4 | Rekstrarvörur ehf | 1 - Ritföng og skrifstofuvörur | 37.964 kr. | 30,79% | |
| | Rekstrarvörur ehf | 2 - Pappír | 50.806 kr. | | 8,49% |

Innkaupadeild leggur til við Innkauparáð að samið verði við þrjá aðila. Þannig verði samið við, Rekstrarvörur, Egilsson ehf og Pennann ehf í hlutum 1 og 2.

Ofangreindir bjóðendur stóðust allir skoðun á fjárhag.

Múlalundur-Vinnustofa SÍBS skilaði inn frávikstilboði en slíkt tilboð eru óheimil í umræddu útboði skv. skilmálum útboðsgagna. Frávikið fólst í því að Múlalundur bauð ekki í allar vörur tilboðsskrár og var því tilboð Múlalunds ekki samanburðarhæft við önnur tilboð.

Virðingarfyllst,

Hrólfur Sigurðsson
Verkefnastjóri
Innkaupadeild

## Hrólfur Sigurðsson


**From:** Sigurður Viktor Úlfarsson <sigurdur@mulalundur.is>
**Sent:** 23. september 2016 14:44
**To:** Innkaupadeild Reykjavíkurborgar
**Cc:** Múlalundur; Helgi Kristófersson

**Subject:** RE: Tilkynning um val á tilboði í EES útboði nr. 13767 Rammasamningur um kaup á ritföngum og skrifstofuvörum

**Sent to GoPro Case:** -1

Tilvísun í mál: R16070034

**Sæl,**

Í „Tilkynningu um val á tilboði í EES útboði nr. 13767...“ sem sent var fyrr í dag segir eftirfarandi:

> *„Múlalundur vinnustofa SÍBS skilaði inn frávikstilboði en slík tilboð eru óheimil í umræddu útboði skv. skilmálum útboðsgagna br. 13767. Frávikið fólst í því að Múlalundur bauð ekki í allar vörur í tilboðsskránni og var því tilboð Múlalundar vinnustofu SÍBS ekki samanburðarhæft við önnur tilboð.“*

Í reglum útboðs nr. 13767 stóð réttilega í grein 1.1.7 að frávikstilboð væru ekki heimil. Í greininni fyrir ofan „1.1.6 Tilboð í hluta“ stóð hins vegar orðrétt: „Heimilt er að bjóða í einstaka hluta.“. Sú grein verður ekki skilin öðruvísi en að það hafi verið leyfilegt að bjóða í hluta listans. Í þessu tilfelli sendi Múlalundur inn tilboð í alls 128 vörur af 130 vörum í listanum. Aðeins tveimur vörum af 130 vörum var sleppt. Fyrir hönd Múlalundar vinnustofu SÍBS fer ég því fram á að tilboð okkar verði tekið gilt.

Þessu til viðbótar kemur fram í 29. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar að heimilt sé að taka tillit til félagslegra og umhverfislegra sjónarmiða við mat á hagkvæmni tilboða. Múlalundur er fyrirtæki sem rekið er á félagslegum grunni með það að markmiði að skapa störf fyrir fólk með skerta starfsorku. Auk félagslegra þátta þá eru okkar eigin framleiðsluvörur framleiddar hér á höfuðborgarsvæðinu sem hefur augljósa kosti frá umhverfislegu sjónarmiði. Það er því klárt að fyrirtækið fellur undir ofangreinda grein.

Fyrirtæki og stofnanir Reykjavíkurborgar hafa í mörg ár keypt fjölbreyttar skrifstofuvörur af Múlalundi vinnustofu SÍBS og Múlalundur lengi verið hluti af rammasamningi Reykjavíkurborgar. Viðskipti Reykjavíkurborgar við Múlalund skipta því miklu máli þegar kemur að því að skapa störf fyrir fólk með skerta starfsorku á Múlalundi.

Með von um jákvæð viðbrögð.

**Bestu kveðjur,**


**Sigurður Viktor Úlfarsson**
Framkvæmdastjóri

Múlalundur - Vinnustofa SÍBS
Reykjalundi, 270 Mosfellsbæ
Skiptiborð: 562-8500
Beinn sími: 420-4101
Farsími: 854-0074
Netfang: sigurdur@mulalundur.is
Vefsíða: www.mulalundur.is



**FYRIRTÆKI MEÐ ALVÖRU TILGANG:**
http://www.mbl.is/frettir/sjonvarp/162798/
**MÚLALUNDUR Í FRÉTTUM STÖÐVAR 2**



**From:** Guðbjörg Eggertsdóttir [mailto:gudbjorg.eggertsdottir@reykjavik.is]
**Sent:** föstudagur, 23. september 2016 13:27
**To:** mulalundur@mulalundur.is; helgi@mulalundur.is; sigurdur@mulalundur.is
**Subject:** Tilkynning um val á tilboði í EES útboði nr. 13767 Rammasamningur um kaup á ritföngum og skrifstofuvörum

Tilvísun í mál: R16070034

**Vt. Múlalundur vinnustofa SÍBS.**

Þann 6. september sl. voru opnuð tilboð í ofangreint útboð og skiluðu fjögur fyrirtæki inn tilboði.

Innkauparáð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum í dag 23. september 2016 að samið verði við Egilsson ehf., Pennann ehf. og Rekstrarvörur ehf. í hluta 1 Hefðbundin ritföng og skrifstofuvörur og í hluta 2 Umhverfisvottaður ljósritunarpappír og endurunnin umhverfisvænn ljósritunarpappír í EES útboði nr. 13767 Rammasamningur um kaup á ritföngum og skrifstofuvörum. Framangreind niðurstaða tilkynnist hér með.

Múlalundur vinnustofa SÍBS skilaði inn frávikstilboði en slík tilboð eru óheimil í umræddu útboði skv. skilmálum útboðsgagna br. 13767. Frávikið fólst í því að Múlalundur bauð ekki í allar vörur í tilboðsskránni og var því tilboð Múlalundar vinnustofu SÍBS ekki samanburðarhæft við önnur tilboð.

Bent skal á að líða munu a.m.k. 10 dagar frá því ákvörðun þessi um val á tilboði er tilkynnt þar til tilboð verður endanlega samþykkt, sbr. 76. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007. Að þeim tíma liðnum verður önnur tilkynning send til allra bjóðenda þess efnis að tilboð hafi verið endanlega samþykkt.

Á það skal bent að skv. lögum um opinber innkaup, getur aðili borið fram kæru til kærunefndar útboðsmála. Kæra skal berast nefndinni skriflega innan 20 daga frá því kærandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi, er hann telur brjóta gegn réttindum sínum, sbr. 1. mgr. 94. gr. laga um opinber innkaup.

Vakin er athygli á að eftir að bindandi samningur er kominn á hefur kærunefnd útboðsmála ekki heimild til að stöðva samningsgerð. Fyrir hverja kæru skal kærandi greiða kærugjald að fjárhæð kr. 150.000, skv. 3. ml. 1. mgr. 94. gr. laga um opinber innkaup.
*(See attached file: 13767 Rammasamningur um ritföng og skrifstofuvörur EES.pdf)*

Virðingarfyllst

**Guðbjörg Eggertsdóttir**
Innkaupadeild

**Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar**
Borgartún 12-14, 105 Reykjavík
Sími: +354 411-1111
Beinn sími: +354 411-1042 / GSM sími: +354 693 9399
Netfang deildar: utbod@reykjavik.is
gudbjorg.eggertsdottir@reykjavik.is